


GILDANDI DEILISKIPULAG, samþykkt 05.09.2023




TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

SKILMÁLATAFLA

| AUÐKENNI /STAÐGREINIR | | | | LÓÐARSTÆRÐ | | NÚV. ÁSTAND | | EFTIR BREYTINGU | | ATHUGASEMDIR | SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lóðir* | *Húsheiti* | *MHL.* | *Landeignaskrá* | *Lóðarstærð / B.reitur* | | *NHL fyrir:* | *Núv.m² á lóðum* | *NHL eftir:* | *Leyfilegir m²* | *Aths.* | |
| **VALHALLABRAUT 868 GILDANDI** | | | 214247 | **161.400** | **m2** | 0,48 | | | 77.100,00 | Heimilir fermetrar í gildandi skipulagi | |
| **VALHALLABRAUT 868 VERÐUR** | | | óbreytt | **161.400** | **m2** | | **37.667,5** | **0,48** | **76.700,0** | | |
| *NÁNAR:* | | | | | | | | | | | |
| BYGGINGARREITUR 010 | Valhallabraut 871 | 05 0101/02 | 214247 | 1.330 | m2 | | 951,7 | 0,75 | 1.000 | | Bygginareitur fyrir spennistöð. Hám hæð 13.0m. Allar lagnir verða neðanjarðar. |
| BYGGINGARREITUR 101 | Valhallabraut 869 | 04 0101 | 214247 | 20.000 | m2 | | 12.328,9 | 0,69 | 13.700 | | Byggingareitur fyrir gagnaver. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð.Hávaðamyndandi búnaður utanhúss skal vera norðan megin við hús. |
| BYGGINGARREITUR 110 | Valhallabraut 870 | 01 0101 | 214247 | 3.800 | m2 | | 1.813,8 | 0,53 | 2.000 | | Byggingareitur fyrir gagnaver. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð.Hávaðamyndandi búnaður utanhúss skal vera norðan megin við hús. |
| BYGGINGARREITUR 201 | Valhallabraut 868 | 07 0101 | 214247 | 22.900 | m2 | | 10.959,1 | 0,57 | 13.000 | | Byggingareitur fyrir gagnaver. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð. |
| | Valhallabraut 866 | 02 0101 | 214247 | | | | 782,2 | | innif. að ofan | niðurrif heimilt | |
| BYGGINGARREITUR 210 | Valhallabraut 864 | 03 0101 | 214247 | 2.365 | m2 | | 1.546,7 | 1,50 | 2.000 | niðurrif heimilt | Byggingareitur fyrir gagnaver. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð. |
| BYGGINGARREITUR 301 | Valhallabraut 872 | 08 0101 | 214247 | **19.557** | m2 | | 9.285,1 | 0,66 | 13.000 | | Byggingareitur fyrir gagnaver og spennistöð. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð, og hljóðvegg á norður hlið um 1.0m þar til viðbótar. Hám hæð 13.5m. Allar lagnir að spennistöð verða neðanjarðar. Kvöð er á reitnum að hönnun bygginga og hljóðvarnir tryggi fullnægjandi hljóðvist gagnvart nærliggjandi húsum. Heimild er fyrir allt að 8m hljóðvegg á stækkuðum byggingareit sunnan og vestan byggingar. |
| BYGGINGARREITUR 401 | Valhallabraut 873A | | 222924 / 223265 | **49.157** | m2 | | - | 0,65 | **32.000** | | Byggingareitur fyrir gagnaver. Heimild fyrir tæknibúnað á þaki, allt að 3.5m yfir hám. þakhæð.Hávaðamyndandi búnaður utanhúss skal vera norðan megin við hús. Kvöð er á reitnum að hönnun bygginga tryggi fullnægjandi hljóðvist gagnvart nærliggjandi húsum. |
| **VALHALLABRAUT 865** | Valhallabraut 865 | 01 /02 0101 | 175792 | 1385 | m2 | 0,30 | 800,50 | 0,60 | 831 | | |
| **SAMTALS Í SKIPULAGI** | | | | **162.785** | **m2** | | **38.468,0** | **0,48** | **77.531,0** | | |

## GREINARGERÐ:

**TILLAGA AÐ NÝJU DEILISKIPULAGI.**

UM ER AÐ RÆÐA UPPFÆRSLU Á NÚGILDANDI DEILISKIPULAGI.

MEÐ ÞESSARI DEILISKIPULAGSTILLÖGU ER BYGGINGAREITUR 301 STÆKKAÐUR UM 3437 m2 TIL SUÐURS OG VESTURS. ÁSTÆÐA ÞESS ER AÐ MEÐ AUKINNI AFLGETU TÖLVUKERFA FYLGIR AUKIN KÆLI- OG VARAAFLSÞÖRF, OG ÞVÍ ÞARF AÐ GERA RÁÐ FYRIR AUKNU PLÁSSI FYRIR SLÍKAN BÚNAÐ. HEIMILD ER VEITT FYRIR HLJÓÐSKERM Á STÆKKUÐUM BYGGINGAREIT.

SÖMULEIÐIS ERU BYGGINGAREITIR 401 OG 501 ERU SAMEINAÐIR Í EINN REIT MEÐ EINNI GAGNVARVERSBYGGINGU. SAMHLIÐA ÞVÍ ER BYGGINGAREITURINN OG BYGGINGAMAGN REITSINS MINNKAÐ. SUNNAN VIÐ BYGGINGAREITINN ER KRAFA UM 5M HÁA HLJÓÐMÖN, TIL AÐ BREGÐAST VIÐ HLJÓÐI FRÁ REKSTRI Á REITNUM, SJÁ NÁNAR HLJÓÐSKÝRSLU VERKFRÆÐISTOFUNNAR COWI.

UPPDRÁTTURINN ER UPPFÆRÐUR MEÐ ÞEIM BYGGINGUM SEM BYGGÐAR HAFA VERIÐ FRÁ 2023 OG ÞÆR BYGGINGAR SEM RIFNAR HAFA VERIÐ FJARLÆGÐAR.

RAUNSTAÐSETNINGAR HÁSPENNULAGNA HAFA VERIÐ UPPFÆRÐAR.

LÓÐ RIÐBREYTISTÖÐVAR HITAVEITU SUÐURNESJA ER ÓBREYTT. AÐKOMA ER FRÁ FLUGVALLARVEGI.

**AFMÖRKUN SVÆÐIS OG FORSENDUR**

DEILISKIPULAG ÞETTA NÆR TIL STAÐGREINIREITSINS VALHALLARBRAUT 868, SEM AFMARKAST AF VALHALLARBRAUT, FLUGVALLARBRAUT, FLUGVALLARGIRÐINGU VIÐ ÞJÓÐBRAUT OG GRÆNÁSBRAUT TIL AUSTURS. SKIPULAGSREITURINN VALHALLARBRAUT 868 ER ÞVÍ VIÐ YSTU MÖRK ÁBRÚAR.

STEFNA Í SKIPULAGI OG SKIPULAGSLEG STAÐA

AÐALSKIPULAG

Í NÚGILDANDI AÐALSKIPULAGI REYKJANESBÆJAR ER DEILISKIPULAGSREITURINN HLUTI AF ATHAFNASVÆÐI (AT4 ÁSBRÚ).HEILDARSTÆRÐ SVÆÐISINS ER 43,7Ha. NÚVERANDI BYGGINGAMAGN ER 39.160 m2/ OG LEYFILEGT BYGGINGAMAGN 88.000m2/. MIÐAÐ ER VIÐ AÐ NÝTINGARHLUTFALL SÉ Á BILINU 0,3-0,8, EN SKILMÁLAR SÉU SETTIR FRAM Í DEILISKIPULAGI.

EN UM SKIPULAGSSVÆÐI SEGIR Í AÐALSKIPULAGI:

AT4 Ásbrú. Megin áhersla er á flugvallarstarfsemi og rýmisfreka starfsemi, sem tengist netþjónabúum, s.s. vörugeymslur, umboðs- og heildsöluverslunum. Gert er ráð fyrir að svæðið geti þjónað sem umráðasvæði flugstöðvar fyrir innanlandsflug ef það verður ákvörðun samgönguyfirvalda. Vegna nálægðar við flugvöllinn eru byggingarheimildir hærri á AT4 en öðrum athafnasvæðum. Gert er ráð fyrir allt að fjögurra hæða byggð. Gæta skal sérstaklega að hæðartakmörkunum og hindranaflötum vegna flugbrauta á Keflavíkurflugvelli, sbr. kafla 7.1 um hindranafleti flugvallar.

Í SAMÞYKKTU RAMMASKIPULAGI ÁSBRÚAR ER FJALLAÐ UM ÞÉTTINGAMÖGULEIKA Á HÁALEITISHLAÐI, SEM ERU 33,7 Ha HLUTI AF AT4. ÞAR TELJI NÚ BYGGINGAMAGN 40.000M2 EN AÐ NÝTT BYGGINGAMAGN GETI MÖGULEGA ORÐIÐ 60.000M2; SAMTALS 100.000M2, SEM ER UMTALSVERT HÆRRA EN AÐALSKIPULAGIÐ MIÐAR VIÐ. ÞVÍ ER VIÐBÚIÐ AÐ UPPBYGGINGARHEIMILDIR Á REITNUM VERÐI AUKNAR VIÐ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS.

**DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ**

í GILDIR ER DEILISKIPULAG FRÁ 2023 ÞAR SEM SAMEINAÐAR VORU LÓÐIR Í EINA FYRIR STARFSEMI VERNE GLOBAL, BYGGINGAHEIMILDIR AUKNAR, SÉRSTAKLEGA Á AUSTURHLUTA REITSINS FYRIR TVÆR 17.400M2 GAGNAVERSBYGGINGAR ÁSAMT BÚNAÐI.

SVÆÐIÐ EINKENNIST AF LÁGREISTUM BYGGINGUM AF ÝMSUM STÆRÐUM OG GERÐUM. EINKENNANDI ERU ÞÓ ÞRJÁR STÓRAR BYGGINGAR; TVÆR VÖRUSKEMMUR FRÁ TÍMA VARNALIÐSINS; BYGGINGAR #868 OG #869 OG NÝBYGGING Á REIT 301. ÞAU ERU STÁLGRINDARHÚS Á STEYPTUM GRUNNI. BREIÐAR GÖTUR OG MALBIKUÐ PLÖN UMLYKJA BYGGINGARNAR. EITTHVAÐ ER UM MILLIGÓLF Í ÞESSUM BYGGINGUM. UMHVERFI ER BERANGURSLEGT OG SVIPMÓT BYGGINGA ER ÁÞEKKT ÞRÁTT FYRIR NOKKURN STÆRÐARMUN, Þ.E. EINFÖLD STÁLGRINDARMANNVIRKI.

VÖRUSKEMMURNAR OG FLEST ÖNNUR HÚS ERU BYGGÐ Á SJÖTTA ÁRATUGNUM. VIÐ FLUGVALLARBRAUT ER RIÐBREYTISTÖÐ, BYGGING #865 Í EIGU HITAVEITU SUÐURNESJA (HS) OG Á EIGIN LÓÐ. SEM ÞJÓNAR ÖLLU FLUGVALLARSVÆÐINU.

NÁNASTA UMHVERFI REITSINS TIL NORÐURS OG VESTURS ER EINNIG FYRRUM ATHAFNASVÆÐI VARNARLIÐSINS, SKEMMUR OG FLUGHLÖÐ, EN ÍBÚÐABYGGÐ TIL AUSTURS OG SUÐURS.

LANDSLAGIÐ EINKENNIST AF HEIÐAGRÓÐRI Í GRUNNUM JARÐVEGI OG EINSTAKA KLÖPPUM OG STÓRGRÝTI UPP ÚR JARÐVEGINUM. Á STÆRSTUM HLUTA SVÆÐISINS ER LANDSLAGI RASKAÐ MEÐ RÁSUM FYRIR OFANVATNSLAUSNIR, MALBIKUÐUM GÖTUM, PLÖNUM OG MALARSVÆÐUM.

**UMFERÐ OG AÐKOMUR**

AF LÓÐINNI ER NÚ ÚT- OG INNAKSTUR Á ÞREMUR STÖÐUM; VESTUR ÚT Á FLUGVALLABRAUT; SUÐUR ÚT Á VALHALLABRAUT OG NORÐUR ÚT Á ÞJÓÐBRAUT, ÁSAMT AÐKOMU INN Á LÓÐINA FRÁ N-A HORNI LÓÐARINNAR, SEM ER ÓBREYTT FRÁ GILDANDI SKIPULAGI. BYGGINGAREITUR 401 NÆR YFIR AÐKOMUVEGINN TIL AÐ M.A. ÞAR MEGI KOMA FYRIR ÖRYGGISHLIÐI OG HLIÐBYGGINGU EF ÁSTÆÐA ER TIL.

LÓÐIN VALHALLABRAUT 868 VERÐUR AFGIRT EINS OG SÝNT ER Á TEIKNINGU OG VÖKTUÐ. AÐGANGI AÐ SVÆÐINU VERÐUR STJÓRNAÐ FRÁ VAKTHLIÐINU.

**BÍLA- OG HJÓLASTÆÐI**

EINUNGIS ÞJÓNUSTUÖKUTÆKI OG SAMÞYKKTIR BYRGJAR GAGNAVERSINS HAFA AKSTURSAÐGANG INN Á SVÆÐINU SJÁLFU. GESTIR OG STARFSMENN MUNU LEGGJA Á SKILGREINDUM BÍLASTÆÐUM INNAN LÓÐAR. AÐGÖNGUSTÝRING ER FYRIR GANGANDI OG AKANDI INN Á LÓÐINA.

UMHVERFIS FLEST HÚS ER AMK. 6M BELTI AKSTURSSVÆÐIS SEM GAGNAST ÞJÓNUSTUBIFREIÐUM VEGNA VIÐHALDS OG SEM BJÖRGUNARSVÆÐI SLÖKKVILIÐS.

**BYGGÐARMYNSTUR**

ENGAR BYGGINGAR Á REITNUM FALLA UNDIR FRIÐUN BYGGINGA SAMKVÆMT ÞJÓÐMINJALÖGUM.

GAGNAVER ER RÖÐ GAGNAGEYMSLUSALA, ÁSAMT RAFMAGNS- OG LJÓSLEIÐARARÝMUM, AÐSTÖÐU FYRIR MÓTTÖKU TÖLVUBÚNAÐAR OG UPPSETNINGU Á HONUM AUK RÝMA OG KERFA LOFTRÆSTI- OG KÆLIBÚNAÐAR. OFTAST ER GERT RÁÐ FYRIR SKRIFSTOFUHLUTA Í BYGGINGUM, EN MIÐLÆGAR SKRIFSTOFUR ERU Í #868 OG #869. GAGNAVERSBYGGINGAR GETA VERIÐ ALLT AÐ 3 HÆÐIR AÐ HLUTA EFTIR TÆKNIBÚNAÐI.

Á BYGGINGAREITUM ER HEIMILD FYRIR TÆKNIRÝMUM Á ÞAKI, ALLT AÐ 3.5M YFIR HÁM. ÞAKHÆÐ. Á 301 ER TIL VIÐBÓTAR HEIMILD TIL AÐ HÆKKA HLJÓÐVEGG Á NORÐURHLIÐ HÚSSINS 1.0M UMFRAM HEIMILD TÆKNIRÝMA TIL AÐ SKERMA AF HLJÓÐ.

UPPBYGGING SVÆÐISINS VERÐUR Í ÁFÖNGUM SEM TRYGGIR RÝMI VEGNA AÐGENGIS OG UMSÝSLU Á UPPBYGGINGARTÍMA.

**HLJÓÐVIST**

GERÐ ER KRAFA UM AÐ HLJÓÐMENGUN FRÁ ALLRI STARFSEMI GAGNAVERSINS SÉ INNAN REGLUGERÐARMARKA GAGNVART AÐLIGGJANDI BYGGÐ. HEIMILD ER FYRIR HLJÓÐMÖNUM OG HLJÓÐSKERMUM SUNNAN 301 OG 401 Í ÞEIM TILGANGI.

BYGGÐ OG TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

BYGGINGARMAGNI MUN MINNKA VIÐ ÞESSA BREYTINGU, SBR. SKILMÁLATÖFLU. FYRIRHUGUÐ UPPBYGGING ER SÝND Á SKÝRINGARUPPDRÆTTI OG ENDURSPEGLAST Í SKILMÁLATÖFLU.

**HÁSPENNULAGNIR**

HELGUNARSVÆÐI HÁSPENNULAGNA ER MERKT Á UPPDRÆTTI; 5M SITT HVORU MEGIN VIÐ LÖGN Í SAMRÆMI VIÐ REGLUGERÐ $\frac{678}{2008}$ OG ER SKÁMERKT Á UPPDRÆTTI. STAÐSETNINGAR STRENGJA HAFA VERIÐ UPPFÆRÐAR VESTANMEGIN Á LÓÐ Í SAMRÆMI VIÐ STAÐSETNINGU Á KORTAGRUNNI.



AÐALSKIPULAG REYKJANESBÆJAR 2020 - 2035




staðgreinireitur VALHALLARBRAUT 868

SKÝRINGAR:

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- MÖRK AÐLIGGJANDI DEILISKIPULAGS ISAVIA
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGAR SEM MÁ FJARLÆGJA
- HELGUNARSVÆÐI HÁSPENNULAGNA
- BYGGINGARREITUR
- VEGIR OG BÍLASTÆÐI
- # LÓÐAMÖRK OG HNITA NR.
- GIRÐINGAR m.a. Flugvallargirðing
- TK KÓTI TÆKNIRÝMA Á ÞAKI
- 26400 m² STÆRÐ BYGGINGAREITAR
- GK HÆÐAKÓTI LANDS
- Z SPENNISTÖÐ Á B.REIT
- 201 BYGGINGARREITANÚMER
- AÐKOMA AÐ LÓÐ
- HNITAKERFI SVÆÐIS
- ÁS # 132 kV HÁSPENNULÍNUR
- AV AFVÖTUNARRÁS

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á ________________________ þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________20___, með athugasemdafresti til __________20___.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20__.

A: 26.06.2026: uppfært í kjölfar auglýsingar

BREYTINGAR.

T.ark
ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI
**VALHALLABRAUT 868**
Breyting á deiliskipulagi
Reykjanesbæ / Keflavíkurflugvelli

VERK
**DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR**
Greinargerð, skilmálatafla og grunnmyndir

| MÁL: | DAGS.: |
|---|---|
| 1:2000 / A1 | 31.03.2026 |
| HANNAÐ: HE | TEIKNAÐ: HE |
| YFIRFARIÐ: ISC | |

| VERKNÚMER | FL | TEIKNINGANÚMER | ÚTG |
|---|---|---|---|
| 639-908 | 04 | 0.1-10 | A |

SAMÞ.

